

Fundur í Fjallskiladeild Hrútfirðinga að austan, haldinn á Þóroddsstöðum miðvikudaginn 12. ágúst 2015. Fundur settur kl. 20.30.

1. Fjallskilaseðill uppfærður.

2. Gróðurskoðunarferð var farin 24. júní. Í þá ferð fóru Matthildur Hjálmarsdóttir, Jóhann Böðvarsson, Anna Margrét Jónsdóttir frá RML og Gunnar Sæmundsson. Fosselsvegur var skoðaður í leiðinni.

Fosselsvegur var gerður ökuhæfur 26. júní.

Upprekstur sauðfjár: Leyfður 1 vagn frá bæ 27. júní og frjáls upprekstur leyfður 30. júní.

Upprekstur hrossa var leyfður 10. júlí.

Girðingar gerðar fjárheldar fyrir fyrsta upprekstur.

3. Önnur mál.

Rætt um að bera á Hrútatungurétt. Búið er að panta efni til verksins og rætt um að fá heimamenn eða aðra til að vinna verkið.

Rætt um viðhald girðinga, Fosselsvegur og Skútaskála.

Fundi slitið kl. 22.11.

Óskar Már Jónsson

Jóhann Böðvarsson

Matthildur Hjálmarsdóttir